



Helstu mál á vettvangi ESB og EFTA 2021

Brussel-skrifstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga



Helstu mál á vettvangi ESB 2021
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2021
Alþjóða- og þróunarsvið
Borgartúni 30, Pósthólf 8100 – 128 Reykjavík
Ábyrgðarmaður: Óttar Freyr Gíslason
Ljósmynd á forsíðu: Skrifstofa EFTA

SVEITARFÉLÖGIN OG EES-SAMNINGURINN

Íslenska ríkið á aðild að yfirþjóðlegu samstarfi í gegnum EES-samninginn sem hefur víótæk áhrif á starfsemi sveitarfélaga. Evrópsk löggjöf, sem innleidd er í íslenskan rétt á grundvelli samningsins leggur skyldur á herðar sveitarfélaga á ýmsum sviðum, svo sem á sviði umhverfismála, vegna stöðu þeirra sem vinnuveitenda og veitenda opinberrar þjónustu, vegna innkaupa sveitarfélaga og fyrirtækjareksturs þeirra. Áætlað er að reglur ESB hafi áhrif á ríflega helming viðfangsefna sveitarfélaga en allt að 70% löggjafar ESB er á sviðum sem varða sveitarfélög og það kemur í þeirra hlut að koma reglunum í framkvæmd. EES-samningurinn tryggir einnig aðgang að ýmsum evrópskum samstarfsáætlunum sem geyma áhugaverð tækifæri fyrir sveitarfélög.

Próunar- og alþjóðasvið sambandsins starfar að hagsmunagæslu fyrir sveitarfélög gagnvart EES-samningnum en haustið 2006 tók til starfa skrifstofa sambandsins í Brussel sem heyrir undir sviðið. Skrifstofan, sem er fjármögnuð af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, annast almenna hagsmunagæslu fyrir sveitarfélög gagnvart EES-samningnum og aðstoðar sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra við að nýta sér tækifæri í evrópskum samstarfsáætlunum.

EES-reglur hafa bein áhrif á sveitarfélög og því er mikilvægt að stunda virka hagsmunagæslu gagnvart ESB og stjórnvöldum. Brýnt er að fylgjast með undirbúningi stefnumótunar, löggjafar og annarra ákvarðana ESB sem geta haft áhrif á íslensk sveitarfélög og koma sjónarmiðum á framfæri eins snemma og mögulegt er í ákvörðunarferli mála. Einnig er nauðsynlegt að sveitarstjórnarmenn og sérfræðingar sveitarfélaga viti hvað er í farvatninu þegar þeir taka mikilvægar ákvarðanir sem varða íbúana. Sambandið vinnur að hagsmunagæslu fyrir íslensk sveitarfélög í nánú samstarfi við evrópsk hagsmunasamtök sveitarfélaga, CEMR.

EFNISYFIRLIT

Helstu mál á vettvangi ESB árið 2021	5
1. Starfsáætlun framkvæmdastjórnar ESB árið 2021	5
Grænn sáttmáli fyrir Evrópu	5
Stafræn framtíð Evrópu	9
Efnahagskerfi sem sinnir þörfum almennings	11
Evrópsk gildi og lýðræði	12
2. Viðbrögð ESB við COVID-19 faraldrinum	13
COVID-19 efnahagsaðgerðir ESB	13
Áhrif COVID-19 á evrópsk sveitarfélög.....	14
3. Evrópskar samstarfsáætlanir	15
EES EFTA samstarfið	16
1. Sveitarstjórnarvettvangur EFTA	16
2. Ráðgjafarnefnd EFTA	17
3. Uppbyggingarsjóður EES	17

HELSTU MÁL Á VETTVANGI ESB ÁRIÐ 2021

Í þessu riti er að finna yfirlit yfir helstu mál á vettvangi ESB árið 2021 sem varða íslensk sveitarfélög.

Í fyrsta lagi er að finna kynningu á starfsáætlun Framkvæmdastjórnar ESB fyrir árið 2021.

Starfsáætlunin byggir á sex forgangsmálum sem ætlað er leggja línurnar fyrir fimm ára stefnumörkun Ursula von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar ESB:

1. Grænn sáttmáli fyrir Evrópu
2. Stafræn framtíð Evrópu
3. Efnahagskerfi sem sinnir þörfum almennings
4. Evrópsk gildi
5. Lýðræði í Evrópu
6. Áhrif Evrópu á heimsvísu

Í öðru lagi er í ritinu fjallað um helstu aðgerðir ESB í tengslum við COVID-19 faraldurinn.

Í þriðja lagi er fjallað um samstarfsáætlanir ESB.

Í fjórða lagi er fjallað um málefni sveitarfélaga sem tengjast EES EFTA samstarfinu.

1. STARFSÁÆTLUN FRAMKVÆMDARSTJÓRNAR ESB ÁRIÐ 2021

GRÆNN SÁTTMÁLI FYRIR EVRÓPU

Grænn sáttmáli fyrir Evrópu er eitt fyrirferðamesta málið á dagskrá framkvæmdastjórnar ESB árið 2021. Forseti framkvæmdastjórnar ESB, Ursula von der Leyen, hefur lýst því yfir að um sé að ræða mikilvægasta verkefni okkar tíma og að áframhaldandi hagsæld Evrópu byggji á því að vistkerfi jarðarinnar séu heilbrigð og nýting náttúruauðlinda sjálfbær. Hér er vísað til þess að loftslagsbreytingar, ofnýting á náttúruauðlindum, útrýming tegunda, auk skógarelda, flóða og annarra náttúruhamfara sem loftslagsbreytingar auka enn á, grafi undan öryggi og hagsæld Evrópu.

Grænn sáttmáli fyrir Evrópu er svar ESB við þessu. Sáttmálanum er ætlað að tryggja kolefnislausu Evrópu árið 2050 og því verði gripið til markvissra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda auk þess að aðlaga samfélög og efnahagskerfi Evrópu að áhrifum loftslagsbreytinga. Sáttmálanum er auk þess ætlað að vernda náttúruauðlindir og líffræðilegan fjölbreytileika Evrópu og þá skipar vernd hafsinns einnig stóran sess í samningnum.

En Græni sáttmálinn fjallar um annað og meira en loftslag og umhverfi. Honum er einnig ætlað að vera vaxtarsproti fyrir evrópskt efnahagslíf. Nýsköpun og nútímavæðing hagkerfa og

iðnaðar Evrópu er því grundvallaratriði í samningnum, þar sem sköpun nýrra starfa og aukin samkeppnishæfni Evrópu eru lykilhugtök. Ný iðnaðarstefna er af þeim sökum hluti af þessum græna samningi og þá er „stafrænu byltingunni“ einnig ætlað stórt hlutverk þegar kemur að grænum og sjálfbærum lausnum.

Ljóst er að Græni sáttmálinn mun hafa mikil áhrif á borgir, bæi og sveitarfélög í Evrópu þar sem hann fjallar um málaflokka sem svæðisbundin stjórnvöld fara með að stórum hluta eða að öllu leyti.

i) Loftslagsstefna ESB

Ný loftslagsstefna ESB er eitt af grundvallaratriðum Græna sáttmálans. Þar er stefnt að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í Evrópu um 55% fyrir árið 2030 og gera Evrópu að fyrstu kolefnishlutlausu heimsálfunni fyrir árið 2050. Ljóst er að þessi markmið munu kalla á verulega fjárfestingu á öllum sviðum samfélagsins. Þá setja fjölmörg evrópsk sveitarfélög markið jafnvel enn hærra og stefna á kolefnishlutleysi eigi síðar en 2030. Þar sem Ísland er aðili að loftslagsmarkmiðum ESB má fastlega búast við að markmið ESB muni einnig eiga við á Íslandi að einhverju leyti.

Listi yfir mál sem ESB mun vinna að á árinu:

- Endurskoðun á viðskiptakerfi ESB með loftslagsheimildir (Emission Trading Scheme – ETS) þannig að það nái einnig yfir starfsemi fyrirtækja í sjávarútvegi (maritime industry) og alþjóðaflug (Carbon Offsetting and Reduction Scheme for International Aviation). Ísland er aðili að viðskiptakerfi ESB og því má fastlega búast við að endurskoðun þess muni einnig eiga við á Ísland.
- Endurskoðun á reglugerð sem varðar losun og upptöku á gróðurhúsalofttegundum í tengslum við landnotkun og breytingar á landnotkun, t.d. skógrækt og endurheimt votlendis (Revision of the Regulation on the inclusion of greenhouse gas emissions and removals from land use, land use change and forestry).

ii) Aðlögun að loftslagsbreytingum

Framkvæmdastjórn ESB vinnur um þessar mundir að nýrri aðgerðaáætlun í tengslum við aðlögun að loftslagsbreytingu. Upphaflega var stefnt að því að hún yrði tilbúin í lok árs, en reikna má með að byrjun árs 2021 sé líklegri niðurstaða. Aðlögun að loftslagsbreytingum er mikilvægt mál fyrir sveitarfélög þar sem afleiðingar þeirra, t.d. eignatjón vegna aukinna flóða og áhrif á innviðauppbýggingu, fellur að stórum hluta undir ábyrgð og verksvið sveitarstjórna. Því er mikilvægt að aðgerðaáætlun sem þessi sé unnin í nánú samstarfi við evrópsk sveitarfélög. Sérfræðinganefnd innan hagsmunasamtaka evrópskra sveitafélaga (CEMR) hefur fjallað um málið og komið skoðunum og athugasemdum evrópskra sveitafélaga til skila við framkvæmdastjórn ESB. Í þessi samhengi má einnig nefna að tillögur ESB, líkt og tillögur Íslands í loftslagsmálum, miða að því að uppfylla markmið s.k. Parísarsamnings sem nær til 2030. Í aðgerðaáætlun Íslands er m.a. kveðið á um að sveitarfélög skulu setja sér

loftslagsstefnu og skal hún innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

iii) Loftslagsvæn orka

Aðildarríki ESB vinna eftir s.k. landsáætlunum á sviði orku- og loftslagsmála. Framkvæmdastjórn ESB vinnur um þessar mundir að greiningu á þeim árangri sem þessar landsáætlanir eru að skila. Þessari greiningu á að vera lokið í júní 2021 og í framhaldi af því mun framkvæmdastjórn ESB leggja til, ef þörf krefur, frekari aðgerðir og/eða hert losunarmörk. Orkuskipti, og þá ekki síst stigminkandi notkun á kolum í iðnaði og til húshitunar, er grundvallaratriði fyrir mörg aðildarríki ESB. Á sama tíma þarf að tryggja orkuöryggi í álfunni. Þá eru áætlanir framkvæmdastjórnar ESB um sjálfbærar samgöngur og vistvæna innviða uppbyggingu nátengd aðgerðum sem varða orku- og loftslagsmál.

Listi yfir mál sem ESB mun vinna að á árinu:

- Endurskoðun á þriðja orkupakka ESB.
- Tilskipanir sem varða markmið um sjálfbæra orku (Renewable energy directive).
- Tilskipun sem varðar markmið um aukna orkunýtni (Energy efficiency directive).

Allt eru þetta tilskipanir sem hafa verið teknar inn í EES samninginn og því má fastlega reikna með að það sama komi til með að eiga við um uppfærðar útgáfur af þessum tilskipunum.

iv) Samgöngupakki ESB

ESB hefur undan farin ár unnið að framtíðar fyrirkomulagi í samgöngum í álfunni í gegnum s.k. samgöngupakka (Mobility package). Vistvænar samgöngur er mikilvægur hluti af loftslagsmarkmiðum ESB, auk þess að stuðla að auknum loftgæðum í borgum og bæjum og almennri vellíðan íbúa. Samgöngupakkinn er viðamikill og ljóst er að einungis hluti pakkans fjallar um mál sem snerta sveitarfélög, en þar má t.d. nefna orkuskipti í samgöngum, eflingu almenningssamgagna, breyttar ferðavenjur, skipulag borga og bæja, notkun stafrænna lausna, o.s.frv.

ESB hefur nú þegar unnið að fjölda tillagna, aðgerða og reglugerða sem tengjast samgöngupakkanum með einum eða öðrum hætti. Þessa dagana vinnur ESB m.a. að sjálfbærniáætlun í tengslum við samgöngumál, en fyrstu tillögur framkvæmdastjórnar ESB eru sem stendur í samráðsferli. Þá er einnig stefnt að því að uppfæra tilskipun sem snýr að uppbyggingu í tengslum við orkuskipti í samgöngum og tilskipun um notkun stafrænnar tækni í tengslum við umferðastjórnun og vegtolla.

Listi yfir mál sem ESB mun vinna að á árinu:

- Endurskoðun á tilskipun varðandi uppbyggingu á innviðum í tengslum við orkuskipti í samgöngum (Revision of the Directive on deployment of alternative fuels infrastructure).

- Sjálfbærniáætlun í samgöngumálum (Strategy for a Sustainable and Smart Mobility).
- Tilskipun um notkun stafrænnar tækni í tengslum við umferðastjórnun og vegtolla (Directive on intelligent transport systems).

v) **Sjálfbærar byggingar**

Framkvæmdastjórn ESB leggur mikla áherslu á að ráðist verði í ganggerar aðgerðir sem snúa að sjálfbærni bygginga. Á þessu ári fer fram samráð við hlutaðeigandi aðila varðandi endurnýjun bygginga, hversu langt eigi að ganga í þeim efnum, hversu hratt, hvað skili mestum árangri þegar horft er til loftslagsaðgerða, o.s.frv. Um er að ræða upp færslu á tilskipun sem varðar orkunýtni bygginga. Hér er um að ræða gríðarlega mikilvægt mál fyrir sveitarfélög, þar sem mikill fjöldi gamalla bygginga heyrir undir þau og því ljóst að kvaðir um sjálfbærni bygginga getur haft í för með sér mikinn kostnað fyrir sveitarfélög. Hagsmunasamtök evrópskra sveitarfélaga, CEMR, sendi framkvæmdastjórn ESB umsögn um málið. Þar er m.a. bent á þessa staðreynd og því ítrekað að sveitarfélög séu höfð með í ráðum á öllum stigum málsins. Þá er bent á að jafnvægi þurfi að ríkja á milli loftslagsmarkmiða og félagslegra markmiða ESB og að sveitarfélögum standi til boða fjármagn úr sjóðum ESB til að fjármagna aðgerðir sem þessar. Hvað Ísland varðar þá er staðan allt önnur hér á landi þar sem t.d. bæði raforka og húshitun er loftslagsvæn. Einnig er líklegt að fjárstuðningur ESB til aðgerða verði í gegnum byggðasjóði ESB og standi því íslenskum aðilum ekki til boða. Því er mikilvægt að íslensk stjórnvöld fylgist vel með þessum málum og að tryggt sé að Ísland taki ekki á sig skuldbindingar sem eru ekki í samræmi við þær aðstæður sem hér ríkja.

Listi yfir mál sem ESB mun vinna að á árinu:

- Endurskoðun á tilskipun sem varðar orkunýtni bygginga (Revision of the energy performance of Buildings Directive).

vi) **Sjálfbær framleiðsla og iðnaður - Hringrásarhagkerfið**

Framkvæmdastjórn ESB vinnur um þessar mundir að nýrri aðgerðaáætlun um innleiðingu hringrásarhagkerfisins. Þessu samfara er verið að skoða hvort framkvæmdastjórnin leggi til reglugerð sem er ætlað að stuðla að sjálfbærari neyslu. Þá er einnig að vænta þess að framkvæmdastjórnin kynni á svipuðum tíma nýja iðnaðarstefna fyrir ESB, enda er henni ætlað að byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins.

Þá hyggst ESB endurskoða tilskipun varðandi frárennismál og mikilvægt að vel sé fylgst með því máli enda um verulegt hagsmunamál að ræða fyrir sveitarfélög. Ekki er um nýja tilskipun að ræða heldur endurskoðun á þeirri sem fyrir er. Meðal þess sem má vænta með endurskoðuninni er eru auknar kröfur varðandi hreinsun á lyfjaleifum og örplasti í fráveitum.

Hringrásarhagkerfið, úrgangsmál, fráveitumál og neysla eru allt málaflokkar sem snerta sveitarfélög með beinum hætti og því mikilvægt að innleiðing og framkvæmd hringrásarhagkerfisins sé í fullu samráði við evrópsk sveitarfélög.

Listi yfir mál sem ESB mun vinna að á árinu:

- Stefnumörkun í tengslum við sjálfbæra framleiðslu, þar með talin uppfærslu á tilskipun um vistvæna hönnun (Sustainable products policy initiative, including a revision of the Ecodesign Directive).
- ESB hyggst endurskoða tilskipun varðandi frárennismál (Urban water treatment Directive) og meðal þess sem vænta má eru auknar kröfur varðandi hreinsun á lyfjaleifum og örplasti í fráveitum.

vii) Líffræðilegur fjölbreytileiki

Framkvæmdastjórn ESB stefnir á að kynna nýjan lagaramma í tengslum við endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika. Hlutverk sveitarfélaga þykir frekar óskýrt þegar kemur að áætlunum og markmiðsetningu í tengslum við líffræðilegan fjölbreytileika og hafa hagsmunasamtök evrópskra sveitarfélaga (CEMR) lagt til að þessu verði gerð betri skil í þeirri vinnu sem nú fer fram hjá framkvæmdastjórn ESB.

Í tengslum við líffræðilegan fjölbreytileika er einnig vert að nefna að ESSB stefnir á að uppfæra reglugerð sem fjallar um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna breyttrar landnotkunar, eins og minnst var á hér að ofan. Í loftslagsstefnu Íslands er að finna markmið um aukna bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna breyttrar landnotkunar, t.d. með skógrækt og landgræðslu. Þá eru einnig uppi áform um að stöðvar losun og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda með endurheimt á votlendi. Því er mikilvægt að vel sé fylgst með hvaða reglur ESB setur í tengslum við losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna breyttrar landnotkunar og að þær séu í samræmi við þær aðstæður sem ríkja á Íslandi. Þetta er ekki einungis mikilvægt í tengslum við málefni tengd EES samningnum heldur geta áform ESB í þessum efnum einnig haft veruleg áhrif á gang mála hjá Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna.

Listi yfir mál sem ESB mun vinna að á árinu:

- Nýr lagarammi í tengslum við endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika (New legal framework on the restoration of healthy ecosystems).

viii) Umhverfisvernd

Framkvæmdastjórn ESB hefur uppi áform um s.k. „zero-pollution“ áætlun, en með henni er stefnt að því að evrópskt umhverfi verði mengunarlaust. Þessu til viðbótar vinnur framkvæmdastjórn ESB nú að áttundu umhverfisáætlun ESB, en henni er ætlað að leiða starf og markmiðasetningu aðildarríkja ESB þegar kemur að umhverfisvernd. Þessu tengdu má nefna að framkvæmdastjórn ESB vinnur einnig að stefnumótun sem kölluð er „frá býli til gaffals“ og er henni ætlað að tryggja sjálfbær fæðukerfi fyrir íbúa Evrópu.

Listi yfir mál sem ESB mun vinna að á árinu:

- Áætlun um mengunarlaust umhverfi (Zero pollution action plan for water, air and soil).

Brussel-skrifstofa mun fylgjast með framvindu Græna sáttmálans og stefnumótun og löggjöf sem honum fylgir og gæta hagsmuna íslenskra sveitarfélaga gagnvart honum.

STAFRÆN FRAMTÍÐ EVRÓPU

Stafræn framtíð Evrópu er ofarlega á dagskrá framkvæmdastjórnar ESB árið 2021. Umhverfi okkar tekur örur breytingum þessi misserin vegna stafrænnar þróunar, sem hefur á stuttum tíma gerbreytt hvernig við störfum og hegðum okkur. Í breytingum sem þessum felast tækifæri en einnig áskoranir. Stafræn framtíð býr yfir miklum drifkrafti breytinga hvort sem horft er til viðskiptalífs eða samfélagsgerðar og tækifærin felast m.a. í nýjum samskiptaleiðum, bættri þjónustu og hvernig verslun og viðskiptum verður háttað í framtíðinni. Áskoranirnar snúa hins vegar m.a. að siðferðilegum álitefnum í tengslum við notkun á gervigreind við úrvinnslu persónulegra gagna.

Stafræn framtíð Evrópu er sýn ESB á það með hvaða hætti Evrópa geti orðið leiðandi á sviði stafrænnar tækni, bæði sem brautryðjandi við þróun tækninnar og ekki síður þegar kemur að því að nýta sér hana. Á sama tíma leggur ESB áherslu á mikilvægi þess að Evrópa haldi fast í þau grunngildi sem íbúar álfunnar búa við, sem snúa m.a. að siðferðilegum spurningum í tengslum við notkun á gervigreind við greiningu og miðlun upplýsinga.

Aðgerðir í tengslum við stafræna framtíð Evrópu sem ESB kynnti árið 2020:

Í fyrsta lagi var um að ræða stefnumótun um meðferð upplýsinga en henni er ætlað að tryggja að Evrópa geti nýtt sér sem best hið gríðarlega magn af upplýsingum sem ný tækni gerir bæði aðgengilegar og hugsanlega mjög gagnlegar á mörgum sviðum.

Í öðru lagi birti framkvæmdastjórn ESB s.k. Hvítbók í tengslum við notkun á tækni sem byggir á gervigreind. Hvítbókin markaði upphafið að samráðferli sem ætlað er að undirbúa framtíðar löggjöf innan ESB í tengslum við gervigreind. Sveitarstjórnarvettvangur EES-EFTA ályktaði um málið á nítjándra fundi vettvangsins sem fram fór í Hurdal í Noregi í júní 2019. Í ályktuninni eru sveitarfélög hvött til þess að fylgist grannt með þróun gervigreindar og að aðkoma þeirra sé tryggð þegar stefna stjórnvalda varðandi þessi mál er þróuð. Ljóst er að í þessari tækni felast mikil tækifæri fyrir sveitarfélög, m.a. í tengslum við bættu þjónustu við almenning. Í ályktuninni er einnig áréttað að huga þarf vel að mannréttindum í tengslum við notkun á gervigreind, t.d. hvað varðar heilsufarslegar upplýsingar og aðrar viðkvæmar persónuupplýsingar.

Í þriðja lagi var kynnti ESB til sögunnar nýja gerð um stafræna þjónustu. Með henni er stefnt að því að skilgreina betur lagalegan grunn ESB fyrir stafræna þjónustu og þá einkum með tilliti til smærri fyrirtækja. Þá þarf einnig að huga að rétti neytenda í tengslum við stafræna

þjónustu. Gerðin er hluti af þjónustutílskipun ESB frá 2006 sem var innleidd á Íslandi árið 2011 og því má fastlega gera ráð fyrir því að þessi gerð falli einnig undir EES samninginn og verði innleidd hér á landi..

Stafræn framtíð Evrópu og öryggismál:

Stafræn tækni og öryggismál eru samofin mál og framkvæmdastjórn ESB hóf árið 2020 endurskoðum á tilskipun frá 2016 sem snýr að netöryggi. Tilskipunin sem um ræðir tekur gildi á Íslandi í september á þessu ári með lögum, nr. 78/2019, um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Því er ljóst að endurskoðuð tilskipun mun að öllum líkindum einnig verða innleidd á Íslandi. Lögin eru þau fyrstu sem snúa að netöryggi á Íslandi og markmið þeirra er að auka öryggi net- og upplýsingakerfa sem koma við sögu í rekstri mikilvægra efnahags- og samfélagslegra innviða. Þá er þeim einnig ætlað að bæta viðnámsþrótt þessara innviða komi til netárása og samræma viðbrögð við slíkum atvikum. Lögin ná til margskonar starfsemi og þar á meðal starfsemi sem fellur undir starfsvið sveitarfélaga, m.a. rekstur heilbrigðisþjónustu, rafmagnsveita, hitaveita og vatnsveita. Þá er ljóst að næsta kynslóð farsímakerfa, s.k. 5G, mun gegna mikilvægu hlutverki í þeirri stafrænu byltingu sem nú á sér stað. ESB vinnur að 5G-væðingu Evrópu í samræmi við áætlun frá 2016 og er stefnt að því að eigi síðar en 2025 verði búið að 5g-væða öll aðildarríki ESB.

Listi yfir mál sem ESB mun vinna að á árinu:

Til viðbótar við þá vinnu sem ESB hóf árið 2020 er að finna í starfsáætlun ESB fyrir 2021 nokkrar nýjar gerðir sem tengjast markmiðum ESB um stafræna framtíð Evrópu.

- Tilskipun sem varðar gögn og gagnaöryggi (Data Act).
- Endurskoðun á tilskipun um gagnasöfn (Database Directive).
- Aukið öryggi evrópskra nafnskírteina (A trusted and secure European e-ID).
- Bætt skilyrði þeirra sem starfar á netinu í gegnum s.k. „platform networks“ (Improving the working conditions of platform workers).

Brussel-skrifstofa mun fylgjast með framvindu þessara mála og miðla upplýsingum um þau.

EFNAHAGSKERFI SEM SINNIR ÞÖRFUM ALMENNINGS

Meðal þess sem framkvæmdastjórn ESB vann að árið 2020 snýr að lágmarkslaunum í Evrópu, þar sem markmiðið er að tryggja að allir fái sanngjörn laun fyrir vinnuframlag sitt. Þessi áform ESB eru góðra gjalda verð en þau hafa valdið töluverðum áhyggjum, einkum meðal Norðurlandþjóðanna. Það er ákveðin hættu á því að áform ESB varðandi lágmarkslaun kunni að hafa neikvæð áhrif á norræna kjarasamningsmódelið. Tillögur ESB um lágmarkslaun eru enn þá til umfjöllunar innan ESB og þá hafa hagsmunasamtök evrópskra sveitafélaga (CEMR) fjallað um málið. Á fundi sérfræðinganefndar CEMR með framkvæmdastjórn ESB, sem haldinn var í september 2020, lagði fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB áherslu á að það sé ekki ætlun ESB að velta norræna kjarasamningsmódelinu úr sessi eða lögfasta ákveðinn

lágmarkslaun í Evrópu. Þá liggur ekki enn þá fyrir hvort aðgerðir ESB í málinu verða í formi tilskipunar eða hvort einungis verði um leiðbeinandi tillögur að ræða, en ljóst er að málið er gríðarlega mikilvægt fyrir Norræna atvinnurekendur, og þ.m.t. sveitarfélög.

Meðal annarra mála sem ESB vinnur að um þessar mundir má nefna nýtt atvinnuleysisbótakerfi fyrir aðildarríki ESB og vinnu við sanngjarnari skattlagningu í álfunni, þannig að t.d. alþjóðlegir tæknirisar greiði skatta í samræmi við gróða sinn í Evrópu. Þá mun ESB vinna aðgerðaáætlun (Action plan on the European Pillar of Social Rights) sem er ætlað að tryggja félagslegan jöfnuð í álfunni og að aðgerðir ESB í tengslum við loftslagsmál og stafræna framtíð, auk aðgerða er varða COVID-19 taki tillit til misjafna þarfa mismunandi hópa samfélagsins.

Brussel-skrifstofa mun fylgjast með framvindu þessara mála, gæta hagsmuna íslenskra sveitarfélaga og miðla upplýsingum.

EVROPSK GILDI OG LYÐRÆÐI

Evrópsk gildi, lýðræði og aukið samráð við borgara álfunnar er meðal þess sem ESB hefur sett á oddinn í starfsáætlun sinni. Það er ekki síst sú neikvæða lýðræðispróun sem nú á sér stað innan nokkurra aðildarríkja ESB sem er ástæða þess að ESB vill beita öllum tiltækum ráðum til að tryggja að aðildarríki ESB virði lög og reglur sambandsins.

Innflytjendamál er eitt af þeim málum sem hafa valdið þó nokkrum núningi innan ESB, en á sama tíma er talið brýnt að aðildarríki ESB nái að grípa til aðgerða sem stemma stigu við ólögmetum fólksflutningum og mansali í Evrópu. „Málefni flóttamanna eru flókin og núverandi kerfi virkar ekki“ sagði Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB, í stefnuræðu sinni í september 2020. Við sama tækifæri kynnti hún áform ESB um breytingar á innflytjenda- og hælisleitendakerfi Evrópu. Þetta kallar einnig á breytingar á hinni umdeildu Dyflinnar-reglugerð sem Ísland er aðili að.

Tillaga framkvæmdastjórnar ESB felur í sér þrjú meginatriði. Í fyrsta lagi að um sé að ræða sameiginlegt kerfi fyrir öll aðildarríki ESB. Í öðru lagi þarf kerfið að vera mun hraðvirkara og skilvirkara. Í þriðja lagi þarf að tryggja að ríki ESB beri jafnari ábyrgð þegar kemur að málsmeðferð í málum hælisleitenda. Þetta kallar á breytingar á Dyflinnar-reglugerðinni, en hún ákvarðar hvaða Schengen ríki beri ábyrgð á meðferð hælisumsóknar. Samkvæmt reglugerðinni er ríkjum heimilað að senda hælisleitenda aftur til þess Schengen-ríkis sem hann kom fyrst til. Dyflinnar-reglugerðin hefur lengi verið umdeild og hún hefur leitt til ójafnar ábyrgðar og álags meðal ríkja ESB þar sem meginþorri flóttamanna koma til Evrópu í gegnum Grikkland, Ítalíu of Spán. Ísland er hluti af Schengen og Dyflinnar-reglugerðin á við um hælisleitendur hér á landi. Því er ljóst að fyrirhugaðar breytingar á innflytjenda- og hælisleitendakerfi ESB munu að öllum líkindum hafa áhrif á meðferð þessara mála á Íslandi.

Listi yfir mál sem ESB mun vinna að á árinu:

- Áætlun um grundvallarréttindi barna (EU strategy on the rights of the child).
- Aðgerðir til að stemma stigu við kynbundnu ofbeldi (Proposal to prevent and combat specific forms of gender-based violence).
- Áætlun varðandi réttindi fatlaðra einstaklinga (Strategy on the rights of persons with disabilities).
- Áætlun um framtíðarskipulag Schengen samstarfsins (Strategy on the future of Schengen).
- Framtíðarsýn fyrir dreifðar byggðir (Long-term vision for rural areas).

Brussel-skrifstofa mun fylgjast með framvindu þessara mála og miðla upplýsingum um þau.

2. VIÐBRÖGÐ ESB VIÐ COVID-19 FARALDRINUM

COVID-19 EFNAHAGSAÐGERÐIR ESB

Aðildarríki ESB hafa á hvert fyrir sig kynnt margvíslegar efnahagsaðgerðir sem er ætlað að stemma stigu við neikvæðum áhrifum COVID-19 faraldursins. Þessu til viðbótar hafa ríkin jafnframt komið sér saman um sameiginlegar aðgerðir þar sem tæki og tól ESB verða nýtt til þess að styðja við hagkerfi Evrópu.

Ríkisaðstoð á kostnað almennra samkeppnishammiða. Notkun ríkisfjármuna til þess að ívilna einu fyrirtæki eða fleirum umfram önnur getur falið í sér ríkisaðstoð þegar hún er til þess fallin að raska samkeppni. Til þess að komast hjá því ber að haga undirbúningi og útfærslu laga og verkefna með hliðsjón af ríkisaðstoðarreglum ESB sem hafa verið innleiddar í íslensk lög á grundvelli EES samningsins. Sé ætlunin að veita ríkisaðstoð þarf viðkomandi aðstoð að hljóta samþykki eftirlitsstofnana eða falla að sérstökum undanþágum. Aðstæður í heiminum í dag kalla hins vegar á óvenjulegar ákvarðanir og meðal þeirra aðgerða sem ESB hefur gripið til er að rýmka verulega ofangreindar reglur um ríkisaðstoð. Aðildarríkjum ESB verður því gert kleift að aðstoða fyrirtæki sem lenda í rekstrarvandræðum vegna COVID-19 faraldursins án þess að það sé skilgreint sem samkeppnishamlandi ríkisaðstoð. Hvort aðgerðir ESB hafi bein áhrif á EES-EFTA ríkin í gegnum EES samninginn á eftir að koma í ljós. Það má þó leiða líkum að því að aðgerðir ESB í tengslum við ríkisaðstoð varði einnig EES-EFTA ríkin þar sem ríkisaðstoð er hluti af EES samningnum, auk þess sem aðgerðir ESB munu að öllum líkindum hafa áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja á EES svæðinu.

Fjárlög og styrkjakerfi ESB. Fjárlög ESB hafa verið aðlöguð að breyttum aðstæðum. Þannig verður hluti að styrkjakerfi ESB nýtt til þess að setja upp sérstakan fjárfestingasjóð sem nemur 37 milljörðum evra. Sjóðurinn mun fjármagna verkefni sem er ætlað að bregðast við efnahagslegum afleiðingum COVID-19 faraldursins. Þessu til viðbótar hefur reglum og áherslum valinna samstarfsáætlana ESB verið breytt þannig að nú er unnt að veita styrki úr þessum áætlunum til þess að styðja við heilbrigðiskerfi aðildarríkja ESB. Auk þess verða reglur og áherslur samstarfsáætlana ESB gerð sveigjanlegri. Þannig verður t.d. heimilt að fella niður kröfur um mótframlag og hægt að flytja fjármagn á milli stefnumála og landssvæða. Auk þess

verður hægt að beina fjármagni með markvissum hætti að þeim samfélagshópum sem hafa orðið verst úti vegna áhrifa COVID-19. Evrópsk sveitarfélög horfa til þess að geta notið góðs af þessum aðgerðum. Það verður að teljast harla ólíklegt að sérstakir sjóðir ESB, eins og ofangreindur fjárfestingasjóður, sem settur er upp sem beint viðbragð við því ástandi sem nú ríkir falli undir EES samninginn. Þeir sjóðir falla undir s.k. uppbyggingsjóði ESB (Structural funds) sem falla ekki undir EES samninginn. Allt annað gildir hins vegar um samstarfsáætlanir ESB, þar sem EES EFTA ríkin taka þátt í nokkrum af áætlunum ESB. Breytingar á reglum og áherslum samstarfsáætlana ESB á því einnig við um EES EFTA ríkin. Það sama á við um kröfur um mótframlag, og flutning á fjármagni á milli stefnumála og landssvæða. Það er hins vegar ekki ljóst hvort EES-EFTA ríkin þurfi að samþykkja formlega slíkar breytingar.

Aukið svigrúm gagnvart regluverki ESB. Eftirlitsstofnanir ESB munu taka mið af því að um er að ræða afar óvenjulegt ástand. Því verður aðildarríkjum ESB heimilað að nýta til hins ítrasta allt það svigrúm sem regluverk ESB heimilar. Ástæður þessa aukna svigrúms er nauðsyn þess að tryggja fjárhagslegan stöðugleika í álfunni og slá skjaldborg um evrópsk heimili og fyrirtæki. Aukið svigrúm innan regluverks ESB á einnig við um EES-EFTA ríkin og ætla má að Eftirlitsstofnun EFTA muni því taka tillit til þessara tilmæla frá ESB.

Neyðarlán Seðlabanka Evrópu. Til viðbótar við aðgerðir ESB hefur Seðlabanki Evrópu sett á fót neyðarlánasjóð til þess að bregðast við afleiðingum COVID-19 faraldursins. Sjóðnum, sem nemur 750 milljörðum evra, er ætlað að sjá til þess að bankar aðildarríkja ESB hafi lausafé til að geta lánað fyrirtækjum og heimilum meðan núverandi ástand varir.

Aðgerðir ESB í tengslum við enduruppbyggingu hagkerfa Evrópu og til að bregðast við samskonar áskorunum í framtíðinni. Í þessu tilliti hefur ESB sett á fót sérstakan sjóð, upp á 2,7 milljarða evra, sem er ætlað að styðja við heilbrigðiskerfi aðildarríkja ESB. Með því er vonast til þess að tryggja megi að ríkin verði betur í stakk búin til að takast á við faraldur í líkingu við COVID-19. Það verður að teljast ólíklegt að sjóður sem þessi falli innan EES samningsins, nema ESB og EES-EFTA ríkin kjósi að semja sérstaklega um það. Þá mun Evrópski fjárfestingabankinn koma á fót tryggingasjóði upp á 25 milljarða evra sem er ætlað að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum í Evrópu aðgengi að lánsfé. Það er áætlað að tryggingasjóðurinn geti tryggt evrópskum fyrirtækjum aðgang að lánsfé sem nemur 200 milljörðum evra. Loks hefur verið ákveðið að nýta Stöðugleikasjóð ESB (European Stability Mechanism) til þess að tryggja aðildarríkjum ESB, sem hafa tekið upp evrur, lánalínur. Þeim er eingöngu ætlað að fjármagna aðgerðir sem snúa að heilbrigðiskerfi þessara landa, eða aðgerðir sem snúa að meðferð eða lækningu á COVID-19 veirunni. Þessar lánalínur munu standa ríkjunum til boða þar til faraldurinn er genginn yfir.

Þá má geta þess að ESB hefur sett á fót svokallaðan SURE lánapakka upp á 100 milljarða evra. Honum er ætlað að aðstoða þá sem hafa misst vinnuna vegna COVID-19 faraldursins og fyrirtæki sem standa höllum fæti vegna þeirra hafta sem gripið hefur verið til vegna veirunnar. Eins og áður segir falla sérstakir aðgerðapakkar eins og SURE ekki undir EES samningsins.

ÁHRIF COVID-19 Á EVRÓPSK SVEITARFÉLÖG

Könnun á vegum hagsmunasamtaka evrópskra sveitarfélaga (CEMR) sem fram fór um mitt ár 2020 leiðir í ljós að meðan að sveitarfélög hafa þurft að taka á sig auknar fjárhagslegar skuldbindingar vegna COVID-19 faraldursins hafa tekjur þeirra dregist verulega saman. Tekjutap evrópskra sveitarfélaga má einkum rekja til lækkunar útsvars vegna tekjutaps bæði fyrirtækja og einstaklinga. Í könnuninni kom jafnframt fram að stuðningur úr ríkissjóði og úr sjóðum Evrópusambandsins sé grundvöllur þess að evrópsk sveitarfélög komist í gegnum það ástand sem nú ríkir. Því sé mikilvægt að hluti COVID-19 efnahagsaðgerða Evrópusambandsins sé sérstaklega eyrnamerkur sveitarfélögum. Án aðstoðar sé hætt við að fjárhagsvandi margra evrópskra sveitarfélaga verði annars að langvinnu vandamáli.

Könnunin fór fram í júní 2020 og náði hún til 21 af aðildarsamtökum CEMR í 17 löndum, þar á meðal Íslands.

Helstu niðurstöður könnunarinnar:

- Meirihluti evrópskra sveitarfélaga, eða 63%, gera ráð fyrir að faraldurinn muni hafa neikvæð áhrif á starfsemi sveitarstjórnarstigsins.
- Aðeins helmingur evrópskra sveitarfélaga telur að samvinna ríkis og sveitarstjórnarstigsins sé nægilega markviss.
- Flest evrópsk sveitarfélög telja að faraldurinn muni hafa neikvæð áhrif á íbúa, bæði félags- og efnahagslega.
- Mikill meirihluti, í kringum 90%, evrópskra sveitarfélaga gera ráð fyrir auknum útgjöldum á sama tíma og tekjur þeirra minnka. Útgjalda aukningin er einna mest á sviðum sem snúa að félagslegri þjónustu (64%) og félagslegri aðstoð (59%).
- Þegar könnunin var framkvæmd gerðu 24% evrópskra sveitarfélaga ráð fyrir því að þau þyrftu að taka ný lán til að standa undir auknum útgjöldum.

[Brussel-skrifstofa tekur þátt í starfi COVID-19 vinnuhóps CEMR og miðlar upplýsingum til sambandsins og íslenskra sveitarfélaga.](#)

3. EVRÓPSKAR SAMSTARFSÁÆTLANIR

Á vegum ESB eru reknar viðamiklar samstarfsáætlanir sem miða að því að auka félagslegan og efnahagslegan jöfnuð innan aðildarríkja ESB og styðja við framþróun og hagvöxt. Samstarfsáætlanirnar styrkja opinbera aðila, sveitarfélög, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga.

Um þessar mundir er unnið að fyrirkomulagi samstarfsáætlana ESB á næsta styrkjatímabili, 2021–2027. Á tímabilinu verður lögð aukin áhersla á verkefni sem tengjast loftslagsmarkmiðum ESB. Stefnt er að sem mestri samþættingu samstarfsáætlana við loftslagsmarkmið ESB og a.m.k. 25% fjármagnsins verður eyrnamerkt verkefnum á sviði loftslagsmála. Ákvörðun um hvaða samstarfsáætlanir Ísland kemur til með að eiga aðgang að

er óvíst eins og er, en meðal þeirra áætlana sem lagt er til að Ísland taki þátt í og eru áhugaverðar fyrir íslensk sveitarfélög má nefna:

- **Horizon Europe:** Áætlunin er framhald af Horizon 2020 og henni er ætlað að styðja við rannsóknir og nýsköpun á öllum sviðum vísinda og fræða með það að markmiði að auka samkeppnishæfni Evrópu, skapa störf og stuðla að því að góðar hugmyndir komist á markað. Horizon Europe mun einnig veita fjármagni til nýsköpunar í rekstri og þjónustu opinberra aðila, þ.m.t. sveitarfélaga.
- **Erasmus+:** Mennta-, æskulýðs-, og alþjóðaáætlunir ESB voru á síðasta tímabili sameinaðar í þessa eina áætlun. Reikna má með að leik- og grunnskólar geti t.d. áfram sótt um styrki til náms starfsmanna og starfsþjálfunar og til samstarfsverkefna með öðrum skólum á EES-svæðinu. Áhersla hefur verið lögð á að fjárfesta í fólki til ávinnings bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Markmiðið er m.a. að auka færni og ráðningarrhæfi fólks sem og virkja einstaklinga til þátttöku í samfélaginu, nútímavæða menntakerfi með aukinni áherslu á starfsmenntun, háskólamenntun og hreyfanleika nemandanna og kennara.
- **Digital Europe:** Áætluninni er ætlað að bregðast við áskorunum og tækifærum í tengslum við „stafrænu byltinguna“ og auka færni borgara til þess að nýta nýja tækni sér og samfélaginu til hagsbóta.
- **LIFE Programme for Environment and Climate Action:** LIFE, styrkjaáætlun ESB fyrir umhverfis- og loftslagsmál.
- **Creative Europe:** Felur m.a. í sér samstarf menningarstofnana. Reikna má með að áfram verði í boði styrkir til að skipuleggja millilandaheimsóknir fyrir evrópska listamenn, til þjálfunar og styrkingar tengslaneta fyrir fagfólk og til að koma listamönnum og verkum þeirra á framfæri á nýjum mörkuðum.
- **Connecting Europe Facility:** Áætlun sem ætlað er að auka hagvöxt, atvinnu og samkeppnishæfni með markvissum fjárfestingum í innviðum. Á síðasta tímabili tók Ísland þátt í verkefni á sviði upplýsinga og samskiptatækni (ICT) innan Connecting Europe Facility áætlunarinnar.

Á Íslandi hefur Rannís umsjón með þeim samstarfsáætlunum ESB sem Ísland tekur þátt í og auk þess gegnir Rannís stuðningshlutverki varðandi gerð umsókna, leit að samstarfsaðilum, o.s.frv.

Brussel-skrifstofa mun fylgjast með málinu og leitast við að afla upplýsinga um samstarfstækifæri og vinna að þátttöku íslenskra sveitarfélaga í evrópskum samstarfsáætlunum.

4. EES EFTA SAMSTARFIÐ

SVEITARSTJÓRNARVETTvangur EES EFTA

Sveitarstjórnarstigið hefur mikilla hagsmuna að gæta í EES samstarfinu og því var sveitarstjórnar-vettvangur EES EFTA settur á fót árið 2010. Þar eiga sæti tólf kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá Íslandi og Noregi, auk tveggja áheyrnarfulltrúa frá Sviss. Samband

Íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands.

Meginmarkmiðið með vettvanginum er að tryggja þátttöku sveitarstjórnarmanna í EES samstarfinu og koma á tengslum við Svæðanefnd ESB en hún er einnig skipuð kjörnum fulltrúum á sveitarstjórnarstigi frá aðildarríkjum ESB. Sveitarstjórnarvettvangur EES EFTA hefur fest sig í sessi, fundir eru haldnir tvisvar á ári og vettvangurinn hefur samþykkt 45 ályktanir um hagsmunamál sveitarfélaga gagnvart ESB og EES samningnum. Þessum ályktunum er komið á framfæri við stofnanir EFTA og EES stjórnvöld í heimalöndunum. Viðfangsefnið eru af ýmsum toga; fjallað hefur verið um COVID-19 faraldurinn, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, evrópskar samstarfsáætlanir, deiliahagkerfið, gervigreind, gagnavernd, orkunýtni, opinber innkaup, úrgangsmál, mat á umhverfisáhrifum, ríkisaðstoðarmál, samstarf við Svæðanefnd Evrópusambandsins og fleira.

Til stóð að halda tuttugasta og fyrsta fund vettvangsins á Íslandi í júní 2020, en vegna COVID-19 faraldursins fór fundurinn fram með fjarfundabúnaði. Tuttugasti og annar fundur vettvangsins fer einnig fram með fjarfundabúnaði dagana 28.-29. janúar 2021. Aðalmál fundarins er Grænn sáttmáli ESB og áform ESB varðandi lágmarkslaun.

Á [vefsíðu](#) Sambands íslenskra sveitarfélaga eru nánari upplýsingar um vettvanginn og allar ályktanir vettvangsins er að finna á [vefsíðu](#) EFTA.

Svæðanefnd ESB er skipuð kjörnum fulltrúum sveitar- og svæðastjórna. Nefndinni er ætlað að tryggja aðkomu svæða og sveitarfélaga að ákvörðunartöku ESB allt frá fyrstu stigum löggjafarvinnunnar og þar til gerðir eru samþykktar af ráðherraráði ESB og Evrópuþingi. Samráð framkvæmdastjórnar ESB, ráðherraráðs ESB og Evrópuþingsins er lögbundið á helstu sviðum er snerta málefni sveitarfélaga og svæða. Nefndin veitir m.a. umsagnir um lagafrumvörp, s.s. tillögur á sviði umhverfismála, menntamála, byggðamála og samgöngumála. Nefndin getur einnig tekið upp mál að eigin frumkvæði. Svæðanefndin hittist fullskipuð (353 fulltrúar) fimm til sex sinnum á ári en auk þess starfa sex fastar undirnefndir sem hittast jafn oft. Sveitarstjórnarvettvangur EES EFTA var m.a. annars settur á fót til að styrkja tengsl við Svæðanefnd ESB.

Brussel-skrifstofa mun skipuleggja fundi sveitarstjórnarvettvangsins í samráði við norska sveitarfélagasambandið og EFTA-skrifstofuna, auk þess að vinna að sterkari tengslum við Svæðanefnd ESB.

RÁÐGJAFARNEFND EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er samráðsvettvangur heildarsamtaka aðila vinnnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum; Íslandi, Liechtenstein, Noregi og Sviss. Nefndinni er ætla að vera EFTA ríkjunum og stofnunum EFTA til ráðgjafar um vinnnumarkaðsmálefni. Ísland á fjóra fulltrúa í nefndinni; frá ASÍ og BSRB annars vegar og Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins hins

vegar, en Samband íslenskra sveitarfélaga hefur áheyrnaraðild að nefndinni og situr forstöðumaður Brussel-skrifstofu fundi hennar í Brussel. Nefndin vinnur annars vegar að gerð sameiginlegra álitsgerða með ráðgjafarnefnd ESB og hins vegar að sjálfstæðum álitsgerðum sem kynntar eru fastanefnd EFTA í Brussel og ráðherrum EFTA-ríkjanna.

Ráðgjafarnefnd EES er samráðsvettvangur ESB og EFTA sem samanstendur af Ráðgjafarnefnd EFTA og Efnahags- og félagsmálanefnd ESB.

Í starfsáætlun nefndarinnar fyrir árið 2021 verður m.a. á dagskrá mál tengd Græna sáttmálanum og Stafrænni framtíð Evrópu. Þá mun nefndin fylgjast með framvindu mála í tengslum við áform ESB varðandi lágmarkslaun, réttindi stafrænna einyrkja og skattamál í tengslum við stafræna þjónustu. Þá mun nefndin fylgjast með vinnu ESB sem snýr að Ráðstefnu ESB um framtíðarskipan Evrópu.

Brussel-skrifstofa mun sitja fundi nefndarinnar í Brussel, koma sjónarmiðum íslenskra sveitarfélaga á framfæri og miðla upplýsingum til sambandsins og íslenskra sveitarfélaga.

UPPBYGGINGARSJÓÐUR EES

Markmið Uppbyggingarsjóðs EES er að draga úr félags- og efnahagslegu misræmi innan evrópska efnahagssvæðisins og efla tvíhliða samstarf milli EES EFTA ríkjanna og viðtökuríkjanna fimmtán:

Búlgaría, Eistland, Grikkland, Króatía, Kýpur, Lettland, Litháen, Malta, Portúgal, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland.

Sjóðurinn er fjármagnaður með greiðslum EES EFTA ríkjanna, þ. á m. Íslands. Því er lögð áhersla á að skapa tækifæri fyrir íslenskar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og frjáls félagasamtök til samstarfs við aðila í viðtökuríkjunum með tilstyrk sjóðsins.

Áherslusvið Uppbyggingarsjóðs EES

Samningur um nýtt starfstímabil Uppbyggingarsjóðs EES 2014-2021, með framkvæmdatíma til 2024, var undirritaður 3. maí 2016. Samningurinn kveður á um að heildarframlag EES EFTA ríkjanna fyrir tímabilið skuli nema 1.6 milljörðum evra.

Viðtökuríkin gera sjálf tillögur um hvaða málaflokkum þau vilja starfa að í samstarfi við EES EFTA-ríkin, en áherslusvið sjóðsins eru eftirfarandi:

- Nýsköpun, rannsóknir, menntun og samkeppnishæfni
- Félagsleg samheldni, vinnumál ungs fólks og minnkun fátæktar
- Umhverfi, orka og loftslagsmál
- Menning, borgaralegt samfélag, góðir stjórnarhættir, grunnréttindi og frelsi
- Réttlæti og innanríkismál

Innan þessara áherslusviða er síðan að finna 23 styrkjaáætlanir. Ein þessara áætlana fellur með beinum hætti undir verksvið sveitarfélaga: Svæðisbundin þróun og aðgerðir til að

minnka fátækt. Áætluninni er ætlað að styrkja verkefni á vegum sveitarfélaga og svæða sem glíma við félags- og efnahagslegar áskoranir, s.s. fátækt, félagslega einangrun, atvinnuleysi, skort á atvinnuuppbyggingu, nýsköpun og samfélagslegum endurbótum.

Þessu til viðbótar má nefna styrkjaáætlanir á sviði Nýsköpunar, Menntunar og menningar, Orku- og umhverfismála, Samfélagslegra umbóta og Málefni flóttamanna. Allt eru þetta áætlanir sem falla að stórum hluta undir verksvið sveitarfélaga. Því er einnig vert að kanna mögulega þátttöku íslenskra sveitarfélaga í verkefnum sem falla undir þessar áætlanir.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má nálgast hjá forstöðumanni skrifstofu sambandsins í Brussel, á [vefsíðu](#) Sambands íslenskra sveitarfélaga og [vefsíðu](#) Uppbyggingarsjóðs EES, þar sem einnig er hægt að fylgjast með auglýsingum eftir umsóknum um þátttöku í verkefnum.

[Brussel-skrifstofa mun fylgjast með málinu og leitast við að afla upplýsinga um samstarfstækifæri og vinna að þátttöku íslenskra sveitarfélaga í verkefnum Uppbyggingarsjóðs EES.](#)